



Íbúaráð Laugardals

Hér með sendist útskrift úr fundargerð umhverfis- og skipulagsráðs dags. 20. mars 2024 varðandi eftirfarandi mál:

Umsögn um tillögu íbúaráðs Háaleitis- og Bústaðahverfis um lækkun hámarkshraða á Suðurlandsbraut.

Lögð fram að nýju tillaga íbúaráðs Háaleitis- og Bústaðahverfis um lækkun hámarkshraða á Suðurlandsbraut sem lögð var fram og samþykkt var á fundi íbúaráðsins, dags. 28. september 2023 og vísað til afgreiðslu umhverfis- og skipulagsráðs og tekin fyrir á fundi umhverfis- og skipulagsráðs sbr. 23. dagskrárliður fundargerðar dags. 4. október 2023. Einnig lögð fram umsögn skrifstofu samgangna og borgarhönnunar dags. 21. febrúar 2024. Vísað til umsagnar íbúaráðs Laugardals.

Áheyrnarfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Sósíalístaflokks Íslands er sammála því að gæta þurfi að öryggi vegfarenda en í ljósi þess að önnur aðliggjandi hverfi eru ekki hlynnt því að umferðarhraði sé lækkaður á þessum tímavarki þá þarf að stíga varlega til jarðar og skoða málið betur áður en farið er í aðgerðir. Ennfremur þarf að taka tillit til þess að á meðan borgarlína er ekki tekin til starfa þá er gríðarleg umferð fólks á leið að og frá vinnu/skóla og lækkun hraða ekki þess fallin að bæta ástand umferðar á virkum dögum.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Varðandi þessar tillögur íbúaráðs Háaleitis- og Bústaðahverfis er tvennt sem situr í huga Flokks fólksins og það er hvort íbúaráðið er í starfi sínu að vinna samkvæmt vilja meirihluta íbúa hverfisins? Hins vegar er áhyggjuefni ef íbúaráð eru ekki sammála eins og íbúaráð Laugardals er ósammála um þessa lækkun á hámarkshraða. Íbúaráð Háaleitis- og Bústaðahverfis vilja lækkun en íbúaráð Laugardals er á móti þessari lækkun. Mörgum sem þarna búa finnst ekki koma til greina að lækka frekar hraða á Suðurlandsbraut. Einnig að nóg sé komið að þrengingum. Það er of langt gengið að mati margra íbúa eftir því sem Flokkur fólksins kemst næst að hefta flæði innan borgarinnar og auka ferðatíma allra. Það eru ekki margar stórar akreinar sem ganga í gegnum borgina og allt í þessa veru eykur á óhagkvæmni samgangna almennings og sem framtíðarborgarlína mun varla leysa.



Reykjavíkurborg

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir
Umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa stjórnsýslu og gæða

Fylgiskjöl: Umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar um tillögu frá íbúaráði Háaleitis- og Bústaðahverfis um lækkun hámarkshraða á Suðurlandsbraut.



UMSÖGN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

Umsögn um tillögu íbúaráðs Háaleitis- og Bústaðahverfis um lækkun hámarkshraða á Suðurlandsbraut

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 4. október 2023 var lögð fram svohljóðandi tillaga íbúaráðs Háaleitis- og bústaðahverfis:

Lagt er til að íbúaráð Háaleitis- og Bústaðahverfis samþykki að beina því til umhverfis og skipulagsráðs að breyta tafarlaust hámarkshraða við Suðurlandsbraut, úr 60 km/klst niður í 40 km/klst, í samræmi við hámarkshraðaáætlun Reykjavíkur.

Var tillögunni vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar þann sama dag.

Umsögn:

Margir gangandi vegfarendur eiga leið yfir Suðurlandsbraut. Við hana liggur Laugardalurinn, samfelldur göngu- og hjólastígur milli Elliðaárdals og miðborgarinnar, og ýmis þjónusta. Út frá sjónarmiðum umferðaröryggis er mikilvægast að draga úr hraða bílaumferðar og almennt bæta aðstæður og öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda við gatnamót og aðrar göngubveranir.

Núverandi hámarkshraði á Suðurlandsbraut er 60 km/klst. Líkt og kemur fram í tillögunni þá er lækkun hámarkshraða á Suðurlandsbraut í 40 km/klst í samræmi við hámarkshraðaáætlun borgarinnar. Gert hefur verið ráð fyrir því að hámarkshraði á Suðurlandsbraut yrði lækkaður samhliða framkvæmdum vegna Borgarlínu. Athugasemd barst frá íbúaráði Laugardals þar sem óskað var eftir því að hámarkshraði á Suðurlandsbraut yrði ekki lækkaður fyrr en samhliða aðgerðum vegna Borgarlínu. Rýni á akstri strætó eftir Suðurlandsbraut bendir til þess að raunhraði hans sé að jafnaði ekki nema lítillega yfir 40 km/klst (sjá mynd 1). Nú þegar hefur hámarkshraði þó verið lækkaður tímabundið við gönguljós móts við Suðurlandsbraut 30, í tengslum við tímabundið skólahúsnæði í Ármúla. Áhrif þeirrar lækkunar eru þó óljós.


Það væri því í samræmi við hámarkshraðaáætlun og umferðaröryggisáætlun að lækka hámarkshraða Suðurlandsbrautar í 40 km/klst.



Reykjavíkurborg

Virðingarfyllst,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
samgöngustjóri

Hjálagt: Meðalhraði raunhraði strætóleiðar 5



Mynd 11: Meðalhraði á veglinu strætóleiðar 5. Myndin sýnir einnig núverandi og fyrirhugaðan nýjan hámarkshraða.

Mynd 1 Meðalhraði á veglinu strætóleiðar 5 sem ekur um Suðurlandsbraut. Sá hluti Suðurlandsbrautar sem er með 60 km/klst hámarkshraða er milli rauðu strikanna. Mynd úr skýrslunni Áhrif hámarkshraðaáætlunar Reykjavíkur á Strætó¹

¹ Skýrslan Áhrif hámarkshraðaáætlunar Reykjavíkur á Strætó var unnin í tengslum við gerð hámarkshraðaáætlunar. https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/ahrif_hamarkshraaaaetlunar_reykjavikur_a_straeto_skysla.pdf